

Umsókn um skammtímamerki fyrir forskráð ökutæki

Notkunarskilmálar:

Heimil notkun skammtímamerkis á forskráð ökutæki: Heimilt er að nota skammtímamerki til að flytja óskráð ökutæki á milli staða í tengslum við skráningu, til reynsluaksturs og við kynningarstarfsemi.

- Flutningur vegna skráningar: Heimilt er að nota skammtímamerki til að flytja óskráð ökutæki milli staða vegna skráningar. Þetta á við um flutning frá skipshlið að tollporti, frá tollporti að geymslustað innflytjanda, milli geymslustaða, til og frá verkstæði, til skoðunarstöðvar og til Umferðarstofu. Óheimilt er að geyma ökutæki við íbúðarhús að næturlagi en ökutækið skal geymt við starfsstöð innflytjanda eða á svæði er tengist skráningu eða undirbúningi skráningar.
- Reynsluakstur: Með reynsluakstri er átt við stuttar reynsluferðir í eðlilegri fjarlægð frá umboði / bílasölu. Akstur utan opnunartíma umboðs / bílasölu eða utan sýningartíma er óheimill. Óheimilt er að geyma ökutæki við íbúðarhús að næturlagi. Lán á ökutækjum sem fellur utan reynsluaksturs er óheimilt. Óheimilt er að lána ökutæki yfir nótt.
- Kynningarstarfsemi: Með kynningarstarfsemi er átt við sýningar á ökutækjum, sýningarferðir starfsmanna umboðs / bílasölu, auglýsingagerð og blaðamannalán.

Farþegar og farmur: Almennt er óheimilt að flytja farþega eða farm í ökutæki sem ber skammtímamerki. Starfsmanni umboðs / bílasölu og aðstandendum ökumanns er heimilt að sitja í ökutæki við reynsluakstur, starfsmanni umboðs / bílasölu við kynningarstarfsemi og starfsmanni verkstæðis við flutning þess til og frá verkstæði. Þá er blaðamanni er hefur heimild US heimilt að nota ökutæki með skammtímamerki í venjulegum tilgangi þess vegna umfjöllunar um ökutækið í dagblaði.

Ásetning skammtímamerkis: Bifreið skal ávallt bera tvö skammtímamerki, að framan og að aftan, en önnur ökutæki skulu bera eitt skammtímamerki að aftan. Heimilt er að setja fremra merkið í framrúðu bifreiðar og skal það staðsett þannig að það sjáist greinilega inn um framrúðuna. Aftara merkið skal fest á áberandi stað aftan á bifreiðina og heimilt að nota bráðabirgðafestingar.

Gildistími: Lögreglu er heimilt að fjarlægja skammtímamerki sem eru komin fram yfir gildistíma.

Afklipping: Ef notkun skammtímamerkja er í andstöðu við reglur um heimila notkun, ef bifreið ber aðeins eitt skammtímamerki, ef merkin eru ekki fest á áberandi stað á bifreið, eitt að framan og eitt að aftan, ef skammtímamerki er ekki í gildi, er lögreglu heimilt að fjarlægja merkin. Ef eigandi misnotar skammtímamerki getur US afturkallað skammtímamerki, viðkomandi eigandi fær ekki keypt ný skammtímamerki í einn mánuð.

Glötuð skammtímamerki: eru á ábyrgð eiganda. Ef merki finnast skal það tilkynnt til US og merki skilað til US eða til viðkomandi eiganda.

Förgun að notkun lokinni: Eigandi skammtímamerkis ber ábyrgð á því að farga skammtímamerki að notkun lokinni á viðeigandi hátt svo ekki sé hætt á misnotkun.

Notkun:

Frá

Til

Upplýsingar um eiganda/umráðamann:

Nafn eiganda/umráðamanns

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

Tengiliður

GSM númer/Netfang

Ég undirritaður samþykki ofangreinda skilmála:

Staður og dagsetning

Undirritun umsækjanda